

AUGLÝSING

um samning við Rússland um endurviðtöku.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um endurviðtöku, sem gerður var í Moskvu 23. september 2008, öðlaðist gildi 1. mars 2010.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar Íslands og
ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um endurviðtöku.****SAMNINGSAÐILARNIR,**

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins,

sem einsetja sér að efla samstarf sín á milli í því skyni að stemma stigu við ólöglegum innflutningi fólks með árangursríkari aðferðum,

sem hafa í huga hin nánú tengsl milli Evrópubandalagsins og Íslands, einkum með skírskotun til samningsins frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,

sem hafa hliðsjón af samningnum milli Evrópubandalagsins og Rússneska sambandsríkisins frá 25. maí 2006 um endurviðtöku,

sem vísa til sameiginlegrar yfirlýsingar, sem fylgir fyrrnefndum samningi, viðvíkjandi lýðveldinu Íslandi og Konungsríkinu Noregi,

sem vilja, með samningi þessum og gagnkvæmum hætti, taka upp hraðvirkar og árangursríkar aðferðir við að bera kennsl á og senda til baka menn sem uppfylla ekki, eða uppfylla ekki lengur, skilyrði fyrir komu til, veru á eða búsetu á yfirráðasvæðum Íslands eða Rússneska sambandsríkisins og greiða fyrir gegnumferð slíkra manna í anda góðrar samvinnu,

sem leggja áherslu á að samningur þessi er með fyrirvara um rétt, skuldbindingar og ábyrgð Íslands og Rússneska sambandsríkisins að þjóðarétti, meðal annars samkvæmt ákvæðum alþjóðlegra mannréttindalaga, eins og þau eru staðfest, einkanlega í almennu mannréttindayfirlýsingunni frá 10. desember 1948, alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 16. desember 1966, samningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og viðbótarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 31. janúar 1967, Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, ásamt bókun nr. 4 við hann frá 16. september 1963, og samningnum gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:**1. gr.***Skilgreiningar.*

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a) „*endurviðtaka*“ merkir flutning ríkis, sem leggur fram beiðni, og viðtöku ríkis, sem beiðni er beint til, á mönnum (ríkisborgurum ríkisins, sem beiðni er beint til, ríkisborgurum þriðja lands eða ríkisfangslausum mönnum) sem ljóst er að komið hafa til, verið í eða haft búsetu í ríkinu, sem leggur fram beiðni, á ólöglegan hátt, í samræmi við ákvæði samnings þessa,
- b) „*ríkisborgari Íslands*“ eða „*Íslenskur ríkisborgari*“ merkir hvern þann mann sem hefur ríkisfang í Íslandi samkvæmt lögum þess,
- c) „*ríkisborgari Rússneska sambandsríkisins*“ eða „*rússneskur ríkisborgari*“ merkir hvern þann mann sem hefur ríkisfang í Rússneska sambandsríkinu samkvæmt lögum þess,
- d) „*ríkisborgari þriðja lands*“ merkir hvern þann mann sem hefur ríkisfang annars staðar en á Íslandi eða í Rússneska sambandsríkinu,
- e) „*ríkisfangslaus maður*“ merkir hvern þann mann sem hefur hvorki ríkisfang á Íslandi né í Rússneska sambandsríkinu og getur ekki fært sönnur á að hann sé ríkisborgari nokkurs annars ríkis,

- f) „*dvalarleyfi*“ merkir hvers konar opinbert leyfi sem Ísland eða Rússneska sambandsríkið gefur út og heimilar manni að hafa búsetu á yfirráðasvæði Íslands eða Rússneska sambandsríkisins. Frátalin eru bráðabirgðaleyfi til þess að dvelja á yfirráðasvæðum fyrrnefndra ríkja í tengslum við meðferð umsóknar um hæli eða umsóknar um dvalarleyfi,
- g) „*vegabréfsáritun*“ merkir heimild, sem Ísland eða Rússneska sambandsríkið gefur út, eða ákvörðun, sem Ísland eða Rússneska sambandsríkið tekur, sem nauðsynleg er vegna komu til eða gegnumferðar um yfirráðasvæði Íslands eða Rússneska sambandsríkisins. Frátalinn er sérflokkur vegabréfsáritana til gegnumferðar um flugvöll,
- h) „*ríki sem leggur fram beiðni*“ merkir það ríki (Ísland eða Rússneska sambandsríkið) sem leggur fram beiðni um endurviðtöku skv. III. hluta eða umsókn um gegnumferð skv. IV. hluta samnings þessa,
- i) „*ríki sem beiðni er beint til*“ merkir það ríki (Ísland eða Rússneska sambandsríkið) sem beiðni um endurviðtöku skv. III. hluta eða umsókn um gegnumferð skv. IV. hluta samnings þessa er beint til,
- j) „*lögbært yfirvald*“ merkir hvert það innlenda yfirvald á Íslandi eða í Rússneska sambandsríkinu sem er falið að annast framkvæmd samnings þessa eins og tilgreint er í tvíhliða bókun um framkvæmd sem Ísland og Rússneska sambandsríkið gera sín á milli í samræmi við a-lið 1. mgr. 20. gr. samnings þessa,
- k) „*landamærsvæði*“ merkir yfirráðasvæði hafna við sjó, þ.m.t. tollsvæði, og alþjóðaflugvalla Íslands og Rússneska sambandsríkisins,
- l) „*landamærastöð*“ merkir hverja þá landamærastöð þar sem Ísland eða Rússneska sambandsríkið heimila að farið sé yfir landamæri sín á láði og legi, þar með taldir alþjóðaflugvellir og hafnir við sjó,
- m) „*gegnumferð*“ merkir ferð ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus manns um yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til, meðan för hans stendur yfir frá ríkinu sem leggur fram beiðni til ákvörðunarlands.

I. HLUTI

SKYLD A RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKISINS TIL ENDURVIÐTÖKU

2. gr.

Endurviðtaka rússneskra ríkisborgara.

1. Rússneska sambandsríkið skal, að beiðni Íslands og í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í samningi þessum, taka við hverjum þeim manni sem uppfyllir ekki, eða uppfyllir ekki lengur, gildandi skilyrði fyrir komu til, veru á eða búsetu á yfirráðasvæði Íslands, að því tilskildu að fyrir liggja staðfesting þess efnis, í samræmi við 9. gr. samnings þessa, að hlutaðeigandi maður sé ríkisborgari Rússneska sambandsríkisins.
Hið sama gildir um menn sem dvelja ólöglega í Íslandi eða hafa ólöglega búsetu þar og höfðu rússneskt ríkisfang við komu til yfirráðasvæðis Íslands en afsöluðu sér síðar rússnesku ríkisfangi í samræmi við landslög Rússneska sambandsríkisins án þess að öðlast ríkisfang eða dvalarleyfi í Íslandi eða einhverju öðru ríki.
2. Eftir að Rússneska sambandsríkið hefur gefið jákvætt svar við beiðni um endurviðtöku skal til þess bært sendiráð eða ræðisskrifstofa Rússneska sambandsríkisins, óháð vilja þess manns sem taka á við aftur, eftir því sem þörf krefur og án tafar, gefa út nauðsynleg ferðaskilríki vegna endurkomu fyrrnefnds manns sem gilda í 30 almanaksdaga. Ef eigi reynist unnt, af einhverjum ástæðum, að flytja hlutaðeigandi mann á gildistíma fyrrnefndra ferðaskilríkja skal til þess bært sendiráð eða ræðisskrifstofa Rússneska sambandsríkisins gefa út ný ferðaskilríki án tafar sem gilda jafn lengi og hin fyrri.

3. gr.

Endurviðtaka ríkisborgara þriðja lands og manna án ríkisfangs.

1. Rússneska sambandsríkið skal, að beiðni Íslands og í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í samningi þessum, taka við hverjum þeim ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum manni sem uppfyllir ekki, eða uppfyllir ekki lengur, gildandi skilyrði fyrir komu til, veru á eða

búsetu á yferráðasvæði Íslands, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á, í samræmi við 10. gr. samnings þessa, að hlutaðeigandi maður:

- a) sé, þegar beiðnin um endurviðtöku er lögð fram, handhafi gildrar vegabréfsáritunar, sem Rússneska sambandsríkið hefur gefið út, við komu til yferráðasvæðis Íslands beint frá yferráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða
 - b) sé, þegar beiðnin um endurviðtöku er lögð fram, handhafi gilds dvalarleyfis sem Rússneska sambandsríkið hefur gefið út eða
 - c) hafi komið inn á yferráðasvæði Íslands á ólöglegan hátt beint frá yferráðasvæði Rússneska sambandsríkisins.
2. Endurviðtökuskylndan, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, gildir ekki ef:
- a) hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus maður hefur einungis farið um flugsvæði á alþjóðaflugvelli í Rússneska sambandsríkinu eða
 - b) Ísland hefur gefið út vegabréfsáritun eða dvalarleyfi fyrir hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausan mann, nema sá maður hafi vegabréfsáritun eða dvalarleyfi, sem Rússneska sambandsríkið hefur gefið út, sem hefur lengri gildistíma eða
 - c) hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus maður hafði aðgang að yferráðasvæði Íslands án vegabréfsáritunar.
3. Eftir að Rússneska sambandsríkið hefur gefið jákvætt svar við beiðni um endurviðtöku skal Ísland gefa út ferðaskilríki fyrir hlutaðeigandi mann sem Rússneska sambandsríkið viðurkennir (íslenskt vegabréf fyrir útlendinga sem gildir vegna ferðar til Rússneska sambandsríkisins).

II. HLUTI

SKYLDA ÍSLANDS TIL ENDURVIÐTÖKU

4. gr.

Endurviðtaka íslenskra ríkisborgara.

1. Ísland skal, að beiðni Rússneska sambandsríkisins og í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í samningi þessum, taka við hverjum þeim manni sem uppfyllir ekki, eða uppfyllir ekki lengur, gildandi skilyrði fyrir komu til, veru á eða búsetu á yferráðasvæði Rússneska sambandsríkisins, að því tilskildu að fyrir liggja staðfesting þess efnis, í samræmi við 9. gr. samnings þessa, að hlutaðeigandi maður sé íslenskur ríkisborgari.
Hið sama gildir um menn sem dvelja ólöglega í Rússneska sambandsríkinu eða hafa ólöglega búsetu þar og höfðu íslenskt ríkisfang við komu til yferráðasvæðis Rússneska sambandsríkisins en afsöluðu sér síðar íslensku ríkisfangi í samræmi við landslög Íslands án þess að öðlast ríkisfang eða dvalarleyfi í Rússneska sambandsríkinu eða einhverju öðru ríki.
2. Eftir að Ísland hefur gefið jákvætt svar við beiðni um endurviðtöku skal til þess bært sendiráð eða ræðisskrifstofa Íslands, óháð vilja þess manns sem taka á við aftur, eftir því sem þörf krefur og án tafar, gefa út nauðsynleg ferðaskilríki vegna endurkomu fyrrnefnds manns sem gilda í 30 almanaksdaga. Ef eigi reynist unnt, af einhverjum ástæðum, að flytja hlutaðeigandi mann á gildistíma fyrrnefndra ferðaskilríkja skal Ísland gefa út ný ferðaskilríki án tafar sem gilda jafn lengi og hin fyrri.

5. gr.

Endurviðtaka ríkisborgara þriðja lands og manna án ríkisfangs.

1. Ísland skal, að beiðni Rússneska sambandsríkisins og í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í samningi þessum, taka við hverjum þeim ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum manni sem uppfyllir ekki, eða uppfyllir ekki lengur, gildandi skilyrði fyrir komu til, veru á eða búsetu á yferráðasvæði Rússneska sambandsríkisins, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á, í samræmi við 10. gr. samnings þessa, að hlutaðeigandi maður:
 - a) sé, þegar beiðnin um endurviðtöku er lögð fram, handhafi gildrar vegabréfsáritunar, sem Ísland hefur gefið út, við komu til yferráðasvæðis Rússneska sambandsríkisins beint frá yferráðasvæði hins fyrrnefnda eða
 - b) sé, þegar beiðnin um endurviðtöku er lögð fram, handhafi gilds dvalarleyfis sem Ísland hefur gefið út eða

- c) hafi komið inn á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins á ólöglegan hátt beint frá yfirráðasvæði Íslands.
2. Endurviðtökuskyldan, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, gildir ekki ef:
 - a) hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus maður hefur einungis farið um flugsvæði á alþjóðaflugvelli í Íslandi eða
 - b) Rússneska sambandsríkið hefur gefið út vegabréfsáritun eða dvalarleyfi fyrir hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausan mann, nema sá maður hafi vegabréfsáritun eða dvalarleyfi, sem Ísland hefur gefið út, sem hefur lengri gildistíma eða
 - c) hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus maður hafði aðgang að yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins án vegabréfsáritunar.
3. Eftir að Ísland hefur gefið jákvætt svar við beiðni um endurviðtöku skal Rússneska sambandsríkið gefa út ferðaskilríki, sem Ísland viðurkennir, fyrir manninn sem til stendur að taka við aftur.

III. HLUTI ENDURVIÐTÖKUFERLIÐ

6. gr.

Beiðni um endurviðtöku.

1. Nauðsynlegt er, með fyrirvara um 2. mgr., að leggja fram beiðni um endurviðtöku hjá lögbæru yfirvaldi ríkisins, sem beiðni er beint til, vegna sérhvers flutnings manns, sem taka á við aftur á grundvelli einhverra þeirra skyldna er um getur í 2.–5. gr. samnings þessa.
2. Þrátt fyrir ákvæði 2.–5. gr. samnings þessa er ekki nauðsynlegt að leggja fram beiðni um endurviðtöku hafi sá maður, sem til stendur að taka við aftur, gilt innlent vegabréf og, ef slíkur maður er ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus maður, einnig gilda vegabréfsáritun eða dvalarleyfi frá því ríki sem er skylt að taka við honum.
3. Hafi maður verið handtekinn á landamærasvæði ríkisins, sem leggur fram beiðni, eftir að hafa farið yfir landamærin með ólöglegum hætti beint frá yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til, getur ríkið, sem leggur fram beiðni, sent beiðni um endurviðtöku innan tveggja virkra daga frá því að maðurinn var handtekinn (flýtimeðferð).

7. gr.

Efni beiðna um endurviðtöku.

1. Eftirfarandi upplýsingar komi fram í öllum beiðnum um endurviðtöku:
 - a) upplýsingar um hlutaðeigandi mann (t.d. eiginnöfn, kenninöfn, fæðingardagur og ár og, ef þess er kostur, fæðingarstaður og síðasti búsetustaður),
 - b) sönnunargögn um ríkisfang, ólöglega komu og búsetu og forsendur fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangslausra manna eins og fram kemur í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. samnings þessa.
2. Eftirfarandi upplýsingar ættu og að koma fram í beiðni um endurviðtöku að því marki sem því verður við komið:
 - a) yfirlýsing þess efnis að maðurinn, sem til stendur að flytja, kunni að þarfnast aðstoðar eða umönnunar, að því tilskildu að hlutaðeigandi maður hafi með skýrum hætti samþykkt yfirlýsinguna,
 - b) hvers konar aðrar verndar- eða öryggisráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar vegna hins tiltekna flutnings.
3. Almennt eyðublað fyrir beiðnir um endurviðtöku fylgir í 1. viðauka við samning þennan.

8. gr.

Svar við beiðni um endurviðtöku.

Svar við beiðni um endurviðtöku skal vera skriflegt.

9. gr.

Sönnunargögn um ríkisfang.

1. Unnt er að staðfesta ríkisfang, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. samnings þessa, með að minnsta kosti einum af þeim skilríkjum sem eru talin upp í 2. viðauka við samning þennan, jafnvel þótt gildistími þeirra sé útrunninn. Ef fyrrnefndum skírteinum er framvísað skulu Ísland og Rússneska sambandsríkið viðurkenna ríkisfang með gagnkvæmum hætti án þess að krefjast frekari sannprófunar.
2. Ef ekki reynist unnt að framvísa einhverjum þeim skilríkjum sem eru talin upp í 2. viðauka við samning þennan má staðfesta ríkisfang, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. samnings þessa, með að minnsta kosti einum af þeim skilríkjum sem eru talin upp í 3. viðauka við samning þennan, jafnvel þótt gildistími þeirra sé útrunninn.
 - Ef skilríkjum, sem eru talin upp í 3. viðauka A við samning þennan, er framvísað skulu Ísland og Rússneska sambandsríkið líta svo á, með gagnkvæmum hætti, að ríkisfang viðkomandi sé staðfest, nema þau geti sýnt fram á annað.
 - Sé skilríkjum, sem eru talin upp í 3. viðauka B við samning þennan, framvísað skulu Ísland og Rússneska sambandsríkið líta svo á, með gagnkvæmum hætti, að grundvöllur sé fyrir því að hefja viðeigandi sannprófun.
3. Eigi er unnt að staðfesta ríkisfang með fölsuðum skilríkjum.
4. Sé eigi unnt að framvísa neinum þeirra skilríkja sem eru talin upp í 2. og 3. viðauka við samning þennan skal til þess bært diplómatiskt fyrirvar eða ræðisskrifstofa Íslands eða Rússneska sambandsríkisins, að fram kominni beiðni þar um, gera ráðstafanir ásamt lögbæru yfirvaldi ríkisins, sem leggur fram beiðni, um að ræða við manninn, sem til stendur að taka við aftur, án ótilhlýðilegra tafa í því skyni að staðfesta ríkisfang hans. Kveðið skal á um verklag við slík viðtöl í bókun um framkvæmd sem mælt er fyrir um í 20. gr. samnings þessa.

10. gr.

Sönnunargögn um ríkisborgara þriðju landa og menn án ríkisfangs.

1. Sanna má forsendur fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra manna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. samnings þessa, með að minnsta kosti einu þeirra skjala sem eru talin upp í 4. viðauka við samning þennan. Ísland og Rússneska sambandsríkið skulu viðurkenna öll slík sönnunargögn með gagnkvæmum hætti, án þess að krefjast frekari sannprófunar.
2. Færa má sönnur, með óbeinum hætti, á forsendur fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra manna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. samnings þessa, með að minnsta kosti einu þeirra skjala sem eru talin upp í 5. viðauka við samning þennan.
 - Ef sönnunargögnum, sem eru talin upp í 5. viðauka A við samning þennan, er framvísað skulu Ísland og Rússneska sambandsríkið líta svo á að skilyrðum hafi verið fullnægt, nema þau geti sýnt fram á annað.
 - Ef sönnunargögnum, sem eru talin upp í 5. viðauka B við samning þennan, er framvísað skulu Ísland og Rússneska sambandsríkið líta svo á að grundvöllur sé fyrir því að hefja viðeigandi sannprófun.
3. Eigi er unnt að sanna forsendur fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra manna með fölsuðum skilríkjum.
4. Sýna ber fram á ólöglega komu, veru eða búsetu með ferðaskilríkjum hlutaðeigandi manns sem í vantar nauðsynlega vegabréfsáritun eða dvalarleyfi. Tilhlýðilega rökstudd yfirlýsing ríkisins, sem leggur fram beiðni, þess efnis að komið hafi í ljós að hlutaðeigandi maður hafi ekki nauðsynleg ferðaskilríki, vegabréfsáritun eða dvalarleyfi telst einnig sannindamerki um ólöglega komu, veru eða búsetu að órannsökuðu máli.

11. gr.

Frestur.

1. Beiðni um endurviðtöku skal leggja fram hjá lögbæru yfirvaldi ríkisins, sem beiðni er beint til, eigi síðar en 180 almanaksdögum frá þeim degi þegar lögbært yfirvald ríkisins, sem leggur fram

- beiðnina, fær vitneskju um að ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus maður uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, gildandi skilyrði fyrir komu, veru eða búsetu.
2. Svára skal beiðni um endurviðtöku innan 25 almanaksdaga frá staðfestum viðtökudegi beiðninnar. Séu lagalegar eða raunsannar hindranir í vegi þess að beiðninni sé svarað tímanlega skal framlengja frestinn í allt að 60 almanaksdaga að fram kominni rökstuddri beiðni.
 3. Ef um ræðir beiðni um endurviðtöku samkvæmt flýtimeðferð, sbr. 3. mgr. 6. gr. samnings þessa, verður að gefa svar innan tveggja virkra daga (sem er í samræmi við löggjöf þess ríkis sem beiðni er beint til) frá staðfestum viðtökudegi beiðninnar.
 4. Þegar fresturinn, er um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, rennur út skal litið svo á að beiðnin hafi verið samþykkt.
 5. Flytja ber hlutaðeigandi mann innan 90 almanaksdaga. Ef um ræðir flutning í samræmi við flýtimeðferð, skv. 3. mgr. 6. gr. samnings þessa, skal flytja hlutaðeigandi mann innan tveggja virkra daga. Heimilt er að framlengja þennan frest, að fram kominni rökstuddri beiðni þar um, um þann tíma sem það tekur að yfirstíga lagalegar hindranir eða hindranir við framkvæmd. Frestir, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, hefjast frá og með þeim degi þegar jákvætt svar berst við beiðni um endurviðtöku.

12. gr.

Beiðni um endurviðtöku synjað.

Ef beiðni um endurviðtöku er synjað skal rökstyðja slíka synjun.

13. gr.

Aðferðir við flutning og flutningsmáti.

1. Áður en maður er fluttur skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld á Íslandi og í Rússneska sambandsríkinu gera skriflegar ráðstafanir fyrirfram viðvíkjandi flutningsdegi, landamærastöð og hugsanlegum fylgdarmönnum.
2. Heimilt er að nota hvaða farartæki sem er, í lofti, á láði eða legi, til flutningsins. Sé maður sendur til baka með flugi einskorðast slíkt ekki við þjónustu innlands flugrekanda eða starfsliðs frá ríkinu, sem leggur fram beiðni, heldur má notast við áætlunarflug jafnt sem leiguflug.

**IV. HLUTI
GEGNUMFERÐ**

14. gr.

Meginreglur.

1. Ísland og Rússneska sambandsríkið skulu takmarka gegnumferð ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra manna við tilvik þar sem eigi reynist unnt að senda fyrrnefnda menn beint aftur til viðtökuríkis.
2. Ísland skal heimila gegnumferð ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra manna, fari Rússneska sambandsríkið fram á það, og Rússneska sambandsríkið skal heimila gegnumferð ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra manna, fari Ísland fram á það, ef áframhaldandi för um önnur gegnumferðarríki og viðtaka af hálfu viðtökuríkis eru tryggðar.
3. Ísland eða Rússneska sambandsríkið geta synjað um gegnumferð:
 - a) ef hættu er á að hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus maður sæti pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða hljóti dauðadóm eða sæti ofsóknum vegna kynþáttar síns, trúarbragða, þjóðernis eða vegna þess að hann tilheyrir tilteknum þjóðfélagshópi eða sakir stjórnmálaskoðana sinna í viðtökuríkinu eða öðru gegnumferðarríki eða
 - b) ef saksækja á hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausan mann eða beita hann víðurlögum í ríkinu sem beiðni er beint til eða öðru gegnumferðarríki eða
 - c) af ástæðum er varða lýðheilsu, öryggi innanlands, allsherjarreglu eða aðra þjóðarhagsmuni þess ríkis sem beiðni er beint til.
4. Ísland eða Rússneska sambandsríkið geta afturkallað sérhverja heimild, sem hefur verið gefin út, ef aðstæður þær, er um getur í 3. mgr. þessarar greinar og koma í veg fyrir framkvæmd

gegnumferðar, koma upp eða koma í ljós síðar meir, eða ef áframhaldandi för um hugsanleg gegnumferðarríki eða endurviðtaka af hálfu viðtökuríkis eru ekki lengur tryggðar. Ef þannig háttar til skal ríkið sem leggur fram beiðnina taka aftur við hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum manni, eftir því sem nauðsyn krefur og án tafar.

15. gr.

Framgangur gegnumferðar.

1. Umsókn um gegnumferð skal senda lögbærum yfirvöldum skriflega og skal hún innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) hvers konar gegnumferð er um að ræða (í lofti, á láði eða legi), önnur hugsanleg gegnumferðarríki og áætlaðan endanlegan ákvörðunarstað,
 - b) upplýsingar um hlutaðeigandi mann (t.d. eiginnafn, kenninafn, fæðingardag og ár og, ef þess er kostur, fæðingarstað, ríkisfang, gerð og númer ferðaskilríkja),
 - c) hver fyrirhuguð landamærastöð sé, hvenær flutningurinn fari fram og um hugsanlega aðkomu fylgdarmanna,
 - d) yfirlýsingu þess efnis að ríkið, sem leggur fram beiðnina, líti svo á að skilyrðum skv. 2. mgr. 14. gr. samnings þessa hafi verið fullnægt og að engar ástæður séu þekktar fyrir synjun skv. 3. mgr. 14. gr. samnings þessa.Almennt eyðublað, sem ber að nota þegar sótt er um gegnumferð, fylgir sem 6. viðauki við samning þennan.
2. Ríkið, sem beiðni er beint til, skal tilkynna lögbærum yfirvöldum í ríkinu, sem leggur fram beiðni, skriflega um samþykki fyrir viðtöku og staðfesta um hvaða landamærastöð verði farið og hvenær sé fyrirhugað að viðtaka fari fram eða tilkynna um synjun um viðtöku og ástæður þeirrar synjunar.
3. Fari gegnumferð fram loftleiðis skal sá maður sem til stendur að taka við aftur og hugsanlegir fylgdarmenn undanþegnir því að verða sér úti um sérstaka vegabréfsáritun til gegnumferðar um flugvöll.
4. Lögbær yfirvöld þess ríkis sem beiðni er beint til skal, að höfðu samráði, aðstoða við framkvæmd gegnumferðar, einkum með eftirliti með hlutaðeigandi mönnum og með því að leggja til viðeigandi aðstöðu til þess.

V. HLUTI

KOSTNAÐUR

16. gr.

Flutningskostnaður og kostnaður vegna gegnumferðar.

Með fyrirvara um þann rétt lögbærra yfirvalda að krefja mann, sem til stendur að taka við aftur, eða þriðju aðila um endurgreiðslu kostnaðar samfara endurviðtöku skal ríkið, sem leggur fram beiðni, bera allan kostnað af flutningi, sem hlýst af endurviðtöku og af gegnumferð, alla leið að landamærastöð ríkisins sem beiðni er beint til.

VI. HLUTI

GAGNAVERND

17. gr.

Gagnavernd.

Einungis skal láta af hendi persónuupplýsingar ef slíkt reynist nauðsynlegt þegar lögbær yfirvöld á Íslandi eða í Rússneska sambandsríkinu, eftir því sem við á hverju sinni, annast framkvæmd þessa samnings. Þegar persónuupplýsingar eru látnar af hendi, unnið er úr þeim eða þær meðhöndlaðar í tengslum við tiltekið mál skulu lögbær yfirvöld á Íslandi fara að viðeigandi íslenskri löggjöf og lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu fara að viðeigandi rússneskri löggjöf. Auk þessa gilda eftirfarandi meginreglur:

- a) vinna skal úr persónuupplýsingum á sanngjarnan og löglegan hátt,
- b) safna ber persónuupplýsingum í þeim sérstaka, skýra og lögmæta tilgangi að annast framkvæmd þessa samnings og eigi skal vinna frekar úr þeim með þeim hætti að samræmist ekki þeim tilgangi,

- c) persónuupplýsingar skulu vera fullnægjandi, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er með tilliti til þess tilgangs sem söfnun þeirra og/eða frekari úrvinnsla þjónar; nánar tiltekið skulu persónuupplýsingar, sem eru látnar af hendi, einvörðungu varða eftirfarandi: upplýsingar um manninn sem til stendur að taka við aftur (t.d. kenninafn, eiginnafn, fyrri nöfn, önnur nöfn sem viðkomandi notar eða er þekktur undir eða fölsk nöfn, fæðingardag og ár og fæðingarstað, kyn, núverandi ríkisfang og fyrra ríkisfang ef um það er að ræða),
 - kennivottorð eða vegabréf (gerð, númer, gildistíma, útgáfudag, yfirvald sem gaf skilríkin út, útgáfustað),
 - áningarstaði og ferðaáætlanir,
 - aðrar nauðsynlegar upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á þann mann sem til stendur að taka við aftur eða kanna skilyrði fyrir endurviðtöku samkvæmt samningi þessum,
- d) persónuupplýsingar skulu vera nákvæmar og uppfærðar ef nauðsyn krefur,
- e) geyma ber persónuupplýsingar í því formi að ekki sé unnt að persónugreina upplýsingar um skráða aðila lengur en þörf er á, miðað við markmiðin með söfnun upplýsinganna eða frekari vinnslu þeirra,
- f) hið lögbæra yfirvald, sem lætur af hendi persónuupplýsingar, og hið lögbæra yfirvald, sem tekur við persónuupplýsingum, skulu bæði gera allar ráðstafanir, sem eðlilegt má teljast, til þess að tryggja með viðunandi hætti að persónuupplýsingar séu leiðréttar, þeim eytt eða settar á þær aðgangstakmarkanir ef vinnsla þeirra uppfyllir ekki ákvæði c- og d-liðar þessarar greinar, einkum vegna þess að fyrrnefndar upplýsingar eru ófullnægjandi, óviðeigandi eða ónákvæmar eða vegna þess að þær ná út fyrir það sem stefnt er að með vinnslunni. Það nær einnig til þess að senda hinum samningsaðilanum tilkynningu ef fyrrnefndar upplýsingar eru lagfærðar, þeim eytt eða settar á þær aðgangstakmarkanir,
- g) hið lögbæra yfirvald, sem tekur við persónuupplýsingum, skal, að fram kominni beiðni þar um, tilkynna hinu lögbæra yfirvaldi, sem lætur persónuupplýsingar af hendi, um notkun þeirra upplýsinga sem látnar voru af hendi og hvaða árangri hún skilaði,
- h) einungis er heimilt að láta af hendi persónuupplýsingar til þeirra lögbæru yfirvalda sem er falin framkvæmd samnings þessa. Frekari miðlun til annarra aðila er háð fyrirframsamþykki þess lögbæra yfirvalds sem lætur persónuupplýsingarnar af hendi,
- i) hið lögbæra yfirvald, sem lætur af hendi persónuupplýsingar, og hið lögbæra yfirvald, sem tekur við persónuupplýsingum, eru skuldbundin til þess að halda skrá yfir miðlun og viðtöku persónuupplýsinga.

VII. HLUTI FRAMKVÆMD OG BEITING

18. gr.

Tengsl við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um réttindi, skyldur og ábyrgð Íslands og Rússneska sambandsríkisins að þjóðarétti, einkum:
 - a) samninginn frá 28. júlí 1951 og bókunina frá 31. janúar 1967 um réttarstöðu flóttamanna,
 - b) Evrópusáttmálann frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis,
 - c) samninginn frá 10. desember 1984 gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, alþjóðasamninga um framsal og gegnumferð,
 - d) fjölhliða milliríkjasamninga, sem fela í sér reglur um endurviðtöku erlendra ríkisborgara, t.d. samninginn um alþjóðlegt almenningsflug frá 7. desember 1944.
2. Ekkert í samningi þessum kemur í veg fyrir að maður sé sendur til baka samkvæmt öðru formlegu eða óformlegu fyrirkomulagi.

19. gr.

Sameiginlegur sérfræðingahópur um endurviðtöku.

1. Samningsaðilarnir skulu koma á fót sameiginlegum sérfræðingahópi um endurviðtöku sem mun einkum gegna því hlutverki:
 - a) að fylgjast með beitingu ákvæða samnings þessa,

- b) að taka ákvarðanir um breytingar á viðaukunum við samning þennan,
 - c) að gera tillögur um breytingar á samningi þessum.
2. Sameiginlegi sérfræðingahópurinn um endurviðtöku skal funda, eftir því sem þörf krefur, að beiðni annars samningsaðilans.

20. gr.

Bókun um framkvæmd.

Rússneska sambandsríkið og Ísland skulu gera með sér bókun um framkvæmd sem skal fela í sér reglur um:

- a) lögbær yfirvöld, landamærastöðvar, skipti á upplýsingum um tengiliði og samskiptatungumál,
- b) þær aðferðir sem er beitt við endurviðtöku samkvæmt flýtimeðferð,
- c) skilyrði fyrir flutningi með fylgdarmönnum, meðal annars gegnumferð ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra manna með fylgdarmönnum,
- d) sannanir og sönnunargögn auk þeirra sem eru talin upp í 2.–5. viðauka við samning þennan,
- e) verklag við viðtölin sem kveðið er á um í 9. gr. samnings þessa.

VIII. HLUTI
LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Viðaukar.

Ákvæði 1. til 6. viðauka eru óaðskiljanlegur hluti af samningi þessum.

22. gr.

Gildistaka, gildistími og uppsögn.

1. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við innlenda málsmeðferð.
2. Samningur þessi öðlast gildi, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, fyrsta dag annars mánaðar eftir þann dag þegar samningsaðilar tilkynna hvor öðrum að málsmeðferðinni, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sé lokið. Ef þessi dagur er fyrir gildistökudag samningsins milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana fyrir ríkisborgara Íslands og Rússneska sambandsríkisins skal samningur þessi fyrst öðlast gildi sama dag og síðarnefndi samningurinn.
3. Skuldbindingarnar, sem eru settar fram í 3. og 5. gr. samnings þessa, koma fyrst til framkvæmda þremur árum eftir þann dag er um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Á fyrrnefndu þriggja ára tímabili skulu þær aðeins gilda um ríkisfangslausa menn og ríkisborgara frá þriðju löndum sem Rússneska sambandsríkið hefur gert tvíhliða samninga eða samkomulag við um endurviðtöku.
4. Samningur þessi er gerður til ótiltekins tíma.
5. Hvor samningsaðili um sig getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna hinum samningsaðilanum um það opinberlega. Samningur þessi fellur úr gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar fyrrnefndri tilkynningu er veitt viðtaka.

Gjört í Moskvu hinn 23. september 2008 á ensku, íslensku og rússnesku, í tvíriti á hverju tungumáli, og eru allir textar jafngildir. Rísi ágreiningur um túlkun skal enski textinn ráða.


Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins

Benedikt Ásgeirsson
Sendiherra

Nikolay Matveevich Smorodin
Staðgengill yfirmanns fólksflutningaþjónustu
Rússneska sambandsríkisins

**1. viðauki við samninginn milli
ríkisstjórnar Íslands
og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um endurviðtöku.**



[Tákn Rússneska sambandsríkisins]

.....
(Auðkenni lögbærs yfirvalds ríkisins sem leggur fram
beiðni)

.....
(Staður og dagsetning)

Tilvísun:

FLÝTIMEDFERÐ

Til

.....
.....
.....

(Auðkenni lögbærs yfirvalds ríkisins sem beiðni er
beint til)

BEIÐNI UM ENDURVIÐTÖKU

samkvæmt 7. gr. samningsins frá milli ríkisstjórnar
Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um endurviðtöku.

A. PERSÓNUUPPLÝSINGAR

1. Fullt nafn (undirstrika ber kenninafn):

.....

2. Meyjarnafn:

.....

3. Fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður:

.....

4. Kyn og útlitslýsing (hæð, augnlitur, sérkenni o.s.frv.):

.....

5. Einnig þekkt/ur sem (fyrrri nöfn, önnur nöfn sem viðkomandi notar/er þekktur undir eða fólks nöfn):

.....

6. Ríkisfang og tungumál:

.....


7. Borgaraleg réttarstaða (ef því verður komið við) í hjónabandi einhleyp/ur fráskilin/n ekkja/ekkill

Ef í hjónabandi: nafn maka.....

Nöfn og aldur barna (ef um þau er að ræða):

.....

.....



8. Síðasta heimilisfang í ríkinu sem leggur fram beiðnina:

.....

9. Síðasti búsetustaður í ríkinu sem beiðni er beint til:

.....

B. SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR ÞESS MANNS SEM TIL STENDUR AÐ FLYTJA

1. Heilsufar

(t.d. hugsanleg vísun til sérstakrar læknishjálpar; latneskt heiti smitsjúkdóms):

.....

2. Ábending um sérlega hættulegan mann

(t.d. grunaður um alvarlegan glæp, árásgirni):

.....

C. MEÐFYLGJANDI SÖNNUNARGÖGN

1. (Númer vegabréfs) (útgáfudagur og -staður)

..... (útgáfufyrirvald) (gildistíma lýkur)

2. (Númer kennivottorðs) (útgáfudagur og -staður)

..... (útgáfufyrirvald) (gildistíma lýkur)

3. (Númer öskuskirteinis) (útgáfudagur og -staður)

..... (útgáfufyrirvald) (gildistíma lýkur)

4. (Númer annarra opinberra skilríkja) (útgáfudagur og -staður)

..... (útgáfufyrirvald) (gildistíma lýkur)

D. ATHUGASEMDIR

.....

.....

.....

.....
 (Undirskrift lögbærs yfirvalds ríkisins sem leggur fram beiðni) (Kennimerki/stimpill)

**2. viðauki við samninginn milli
ríkisstjórnar Íslands
og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um endurviðtöku.**

**SKRÁ YFIR SKILRÍKI
SEM GERA KLEIFT AÐ FÆRA SÖNNUR Á RÍKISFANG**

- Hvers kyns vegabréf frá Rússneska sambandsríkinu eða Íslandi (t.d. innanlandsvegabréf, vegabréf borgara til ferðalaga erlendis, ríkisvegabréf, diplómátísk vegabréf, þjónustuvegabréf).
- Skírteini til endurkomu til Rússneska sambandsríkisins.
- Vottorð um ríkisfang eða önnur opinber skjöl þar sem ríkisfangs er getið eða það gefið til kynna (t.d. fæðingarvottorð).
- Þjónustubækur og herkennivottorð.
- Sjóferðabækur, þjónustubréf skipstjóra og sjóferðavegabréf.

**3. viðauki við samninginn milli
ríkisstjórnar Íslands
og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um endurviðtöku.**

**SKRÁ UM SKJÖL
SEM ERU ÓBEIN SÖNNUNARGÖGN UM RÍKISFANG**

3. VIÐAUKI A

- Opinber ljósrít af einhverjum þeirra skilríkja sem eru talin upp í 2. viðauka við samning þennan.
- Opinberar yfirlýsingar sem gefnar eru vegna flýtimeðferðar, einkum af starfsmönnum yfirvalds sem annast eftirlit á landamærum og vitnum sem geta borið um að hlutaðeigandi maður hafi farið yfir þau landamæri sem um ræðir.

3. VIÐAUKI B

- Ökuskírteini eða ljósrít af þeim.
- Sérhver önnur opinber skilríki sem yfirvöld í því ríki, sem beiðni er beint til, gefa út.
- Kennivottorð fyrirtækja eða ljósrít af þeim.
- Skriflegar yfirlýsingar vitna.
- Skriflegar yfirlýsingar hlutaðeigandi manns og það tungumál sem hann talar, sem m.a. er fengið fram með niðurstöðu úr opinberu prófi.

**4. viðauki við samninginn milli
ríkisstjórnar Íslands
og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um endurviðtöku.**

**SKRÁ YFIR SKJÖL SEM ERU SANNANIR FYRIR FORSENDUM FYRIR
ENDURVIÐTÖKU RÍKISBORGARA ÞRÍÐJU LANDA
OG RÍKISFANGSLAUSRA MANNA**

- Gild vegabréfsáritun og/eða dvalarleyfi sem það ríki, sem beiðni er beint til, gefur út.
- Komu- og/eða brottfararstimpill eða álíka áritun í ferðaskilríki hlutaðeigandi manns eða önnur sönnun um komu og/eða brottför (t.d. í formi ljósmynda, rafræn eða í formi lífkenna).

**5. viðauki við samninginn milli
ríkisstjórnar Íslands
og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um endurviðtöku.**

**SKRÁ YFIR SKJÖL SEM ERU ÓBEIN SÖNNUNARGÖGN UM SKILYRÐI
FYRIR ENDURVIÐTÖKU RÍKISBORGARA ÞRÍÐJU LANDA
OG RÍKISFANGSLAUSRA MANNA**


5. VIÐAUKI A

- Opinberar yfirlýsingar sem gefnar eru vegna flýtimeðferðar, einkum af starfsmönnum yfirvalds sem annast eftirlit á landamærum og vitnum sem geta borið um að hlutaðeigandi maður hafi farið yfir þau landamæri sem um ræðir.

5. VIÐAUKI B

- Flugmiðar, lestarmiðar, miðar fyrir fari með langferðabifreiðum eða skipum á nafni farþega, sem sýna veru hlutaðeigandi manns á yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til og ferðaáætlun hans þáðan til yfirráðasvæðis ríkisins sem leggur fram beiðnina.
- Farþegaskrár loftfara, lesta, langferðabifreiða eða skipa sem sýna veru hlutaðeigandi manns á yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til og ferðaáætlun hans þáðan til yfirráðasvæðis ríkisins sem leggur fram beiðnina.
- Miðar ásamt skírteinum og reikningum af hvaða tagi sem er (t.d. hótltreikningar, kort sem sýna tímapantanir hjá læknum og/eða tannlæknum, aðgangskort opinberra eða einkarekinna stofnana o.s.frv.) sem sýna svo eigi verður um villst að hlutaðeigandi maður dvaldi á yfirráðasvæði þess ríkis sem umsókn er beint til.
- Opinberar yfirlýsingar sem gefnar eru, einkum af starfsmönnum yfirvalds sem annast eftirlit á landamærum og vitnum sem geta borið um að hlutaðeigandi maður hafi farið yfir þau landamæri sem um ræðir.
- Opinber yfirlýsing hlutaðeigandi manns í dóms- eða stjórnarsýslumáli.
- Lýsing á þeim stað og aðstæðum þar sem hlutaðeigandi maður var stöðvaður eftir komu til yfirráðasvæðis ríkisins sem leggur fram beiðni.
- Upplýsingar þar sem kemur fram að hlutaðeigandi maður hefur nýtt sér boðberaþjónustu eða þjónustu ferðaskrifstofu.
- Upplýsingar varðandi deili á manni og/eða dvöl hans sem alþjóðastofnun hefur látið í té.
- Skýrslur og/eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum hlutaðeigandi manns, ferðafélögum hans o.s.frv.
- Yfirlýsing hlutaðeigandi manns.

**6. viðauki við samninginn milli
ríkisstjórnar Íslands
og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um endurviðtöku.**



[Tákn Rússneska sambandsríkisins]

.....
(Auðkenni lögbærs yfirvalds ríkisins sem leggur fram
beiðni)

.....
(Staður og dagsetning)

Tilvísun:

Til

.....
.....
.....

(Auðkenni lögbærs yfirvalds ríkisins sem beiðni er
beint til)

UMSÓKN UM GEGNUMFERÐ

samkvæmt 15. gr. samningsins frá milli ríkisstjórnar
Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um endurviðtöku.

A. PERSÓNUUPPLÝSINGAR

1. Fullt nafn (undirstrika ber kenninafn):

.....

2. Meyjarnafn:

.....

3. Fæðingardagur og –ár og fæðingarstaður:

.....

4. Kyn og útlitslýsing (hæð, augnlitur, sérkenni o.s.frv.):

.....

5. Einnig þekkt/ur sem (fyrrri nöfn, önnur nöfn sem viðkomandi notar/er þekktur undir eða fölsk nöfn):


.....

6. Ríkisfang og tungumál:

.....

7. Gerð og númer ferðaskilríkja:

.....



B. SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR ÞESS MANNS SEM TIL STENDUR AÐ FLYTJA

1. Heilsufar
(t.d. hugsanleg vísun um sérstaka læknishjálþ; latneskt heiti smitsjúkdóms):

.....
2. Ábending um sérlega hættulegan mann
(t.d. grunaður um alvarlegan glæp, árásargirni):

C. GEGNUMFERÐ

1. Um hvers kyns gegnumferð er að ræða:
 Loftleiðis sjóleiðis landleiðis

2. Það ríki sem er lokaákvörðunarstaður:

.....
3. Hugsanleg önnur gegnumflutningsríki:

.....
4. Áætluð landamærastöð, dagsetning og tími flutnings og hugsanleg aðkoma fylgdarmanna:

.....
5. Viðtaka tryggð í sérhverju öðru gegnumferðarríki og því ríki sem er lokaákvörðunarstaður (2. mgr. 14. gr. samningsins milli ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins og ríkisstjórnar Íslands um endurviðtöku):

já nei

6. Er kunn einhver ástæða fyrir því að synja um gegnumferð (3. mgr. 14. gr. samningsins milli ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins og ríkisstjórnar Íslands um endurviðtöku)?

Já nei

D. ATHUGASEMDIR

.....
.....
.....
.....
.....

(Undirskrift lögbærs yfirvalds ríkis sem leggur fram beiðni) (Kennimerki/stimpill)

Sameiginleg yfirlýsing um 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. samnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um endurviðtöku

„Samningsaðilar veita því athygli að samkvæmt lögum Íslands og Rússneska sambandsríkisins um ríkisfang er ekki hægt að svipta íslenskan eða rússneskan ríkisborgara ríkisfangi sínu.

Samningsaðilar eru sammála um að eiga samráð sín á milli tímanlega, verði breytingar á þessari réttarstöðu.“

Sameiginleg yfirlýsing um 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. samnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um endurviðtöku

„Samningsaðilar eru sammála um að maður „komi beint“ frá yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til, í skilningi þessara ákvæða, hafi hann komið til yfirráðasvæðis ríkisins, sem leggur fram beiðni, loftleiðis, landleiðis eða sjóleiðis án þess að hafa farið inn í þriðja land á leiðinni. Viðdvöl vegna gegnumferðar á flugsvæði í þriðja landi telst ekki koma.“

AGREEMENT
between the Government of Iceland and
the Government of the Russian Federation
on readmission

THE PARTIES,

THE GOVERNMENT OF ICELAND and THE GOVERNMENT OF THE RUSSIAN FEDERATION,

Determined to strengthen their co-operation in order to combat illegal immigration more effectively,

Considering the close relationship between the European Community and Iceland, particularly by virtue of the Agreement concluded on 18 May 1999 by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen Acquis,

Having regard to the agreement between the European Community and the Russian Federation of 25 May 2006 on readmission,

Referring to a Joint Declaration to that Agreement concerning the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway,

Desiring to establish, by means of this Agreement and on the basis of reciprocity, rapid and effective procedures for the identification and return of persons who do not, or no longer, fulfil the conditions for entry to, presence in, or residence on the territories of Iceland and the Russian Federation to facilitate the transit of such persons in a spirit of co-operation,

